

Reykjavík, 15. ágúst 2024

## ***Fyrirspurn frá skóla- og frístundaráði 10. júní 2024***

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn þann 10. Júní 2024:

Af þeim starfsmönnum sem voru ráðnir af Afleysingastofunni árið 2023, hve margir voru enn í starfi hjá borginni hinn 1. júní síðastliðinn? Af þeim starfsmönnum sem voru ráðnir af henni árið 2023, hversu margir hófu störf hjá borgarreknum leikskólum og hversu margir af þeim starfsmönnum voru enn í starfi í leikskóla 1. júní 2024? Af þeim starfsmönnum sem voru ráðnir í gegnum Afleysingastofu, hve margir höfðu tilskilda menntun til að starfa inn á leikskóla? Hver var aldurssamsetning þess hóps sem var ráðinn og hver var menntun viðkomandi og reynsla af starfi innan leikskóla?

### **Afleysingastofa Reykjavíkurborgar**

Afleysingastofa hefur það að markmiði að auka fjölbreytileika í ráðningum og fara nýjar leiðir í mönnun á starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Leitað er leiða til að laða að hæfa umsækjendur auk þess að manna fyrirséð og ófyrirséð forföll á starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Einnig er leitast við að fá fjölbreyttan hóp fólks í störf hjá Afleysingastofu. Afleysingastofa hefur hingað til lagt áherslu á að auglýsa í háskólum og með því höfða að mestu til nema sem geta unnið í kring um sína dagskrá, einstaklinga sem kjósa sveigjanleika í starfi og fólks á þriðja æviskeiði. Afleysingastofa þjónustar skóla- og frístundasvið og er stærstur hluti afleysinga í leikskólum borgarinnar.

## Ráðningar

Vaxandi hópur ungs fólks kýs það ráðningarfyrrkomulag sem Afleysingastofa býður upp á og er það mjög eftirsóknarvert að fá þann hóp til starfa. Eins er aukning í aðsókn fólks á þriðja æviskeiði í störf hjá Afleysingastofu sem getur verið dýrmætt þegar verið er að manna stöður til styttri tíma og/eða í hlutastörf. Sú staða kemur reglulega upp á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs að margir starfsmenn eru frá vegna veikinda á sama tíma sem veldur oft miklu álagi. Að geta leitað til Afleysingastofu í þeirri stöðu gagnast starfsstöðum mjög mikið.

Ráðningar hjá Afleysingastofu eru tímabundnar ráðningar og er í langflestum tilfellum um hlutastörf að ræða, þó einstaka afleysingar séu í 100% stöður. Lagt er upp með að fá fólk til starfa sem fer í afleysingar á fleiri en einn starfsstað, þ.e. ljúki afleysingu á einum stað og fari í framhaldinu í aðra afleysingu og svo koll af kalli. Það er því ekki verið að leitast eftir því að halda fólki til lengri tíma á einum starfsstað. Í sumum tilfellum hins vegar í lengist starfsfólk í starfi og er jafnvel ráðið inn á kostnaðarstað í kjölfarið þegar stöðugildi losnar á starfsstaðnum.

Alls hafa 33 starfsmenn verið ráðnir beint á kostnaðarstað frá Afleysingastofu, þar af fóru 21 í störf á skóla- og frístundasviði. Á tímabilinu sem hér um ræðir, árið 2023, voru þrír starfsmenn ráðnir beint á kostnaðarstað.

## Afleysingar í leikskólum

Árið 2023 voru 34 starfsmenn ráðnir í gegnum Afleysingastofu og fóru þeir í 41 afleysingu. Af þeim 34 starfsmönnum sem ráðnir voru 2023 voru 21 einstaklingur (62%) enn í starfi 1. júní 2024.


Af þeim 34 starfsmönnum sem ráðnir voru hjá Afleysingastofu árið 2023 voru 19 starfsmenn ráðnir í 24 afleysingar í borgarrekna leikskóla. Hér er átt við afleysingar vegna manneklu og veikindafjarvista starfsfólks leikskólanna þar sem starfsfólk Afleysingastofu kom inn til styttri tíma til að koma í veg fyrir að börn yrðu send heim vegna manneklu. Af þeim 19 einstaklingum sem ráðnir voru í afleysingar í leikskólum voru 10 einstaklingar (53%) enn í starfi í leikskóla þann 1. júlí 2024.

## Bakgrunnur

Spurt er erum aldur, menntun og reynslu þeirra sem ráðnir voru hjá Afleysingastofu og fóru í afleysingar í leikskólum borgarinnar. Eins og fram kemur hér að ofan voru 19 ráðnir í afleysingar í leikskóla borgarinnar í gegnum Afleysingastofu árið 2023. Af þeim voru flestir með menntun innan félagsfræðinnar og einhverja reynslu af störfum í leikskóla/umönnun barna. Þrír eru með kennaramenntun og auk þeirra eru þrír með menntun í félagsráðgjöf. Mikilvægt er að taka fram að Afleysingastofa gerir ekki kröfu um ákveðna menntun og er horft til þess sem fólk getur gefið af sér í starfi út frá fjölbreyttri reynslu. Sem dæmi má nefna listafólk og söngvara sem geta gefið af sér á annan hátt inn í starfið. Einnig er verið að sá fræjum til yngra starfsfólksins og opna augu þeirra fyrir kostum þess að afla sér menntunar í leikskólakennarafræðum og sækja um störf í leikskólum á komandi árum.

Hingað til hefur Afleysingastofa sótt að mestu til yngra fólks, nánar tiltekið til nema. Árið 2023 var markhópur Afleysingastofu útvíkkaður og fór út auglýsingaherferð sem höfðaði einnig til fólks á þriðja æviskeiði. Því er ánægjulegt að taka fram að aukning er í hóp eldra starfsfólks hjá Afleysingastofu.

Aldurssamsetning þeirra sem fóru í afleysingar í leikskólum er mjög dreifð. Starfsfólk var á aldrinum 21-69 ára, flestir á bilinu 20-30 ára og 31-70 ára:



## Stuðningur við stjórnendur í leikskólum

Samhliða ráðningu starfsmanna í leikskóla í gegnum Afleysingastofu var farið af stað með aukna aðstoð og stuðning til leikskólastjóra varðandi mönnun. Ákveðið var að starfsmaður Afleysingastofu færi í heimsóknir inn í leikskóla sem voru í mestum vanda með svokallaðan mönnunarpakka. Var þar farið yfir stöðu mönnunar, auglýsingar í nýju umsóknarkerfi og eftirfylgni til umsækjenda. Farið var í fyrstu heimsóknina í október 2023 og var heildarfjöldi heimsókna í leikskóla með mönnunarpakka alls 13 fram að áramótum.

Heimsóknirnar höfðu góð áhrif á ráðningarferli þessara leikskóla og var ánægjan með heimsóknirnar það mikil að ákveðið var að fara með mönnunarpakkann í alla leikskóla í Reykjavíkurborg. Sú vinna er enn í fullum gangi og voru heimsóknirnar orðnar 30 talsins í júní 2024.

Í þessum heimsóknum var Afleysingastofa einnig kynnt nánar fyrir leikskólastjórum, sem sumir hverjir þekktu ekki nógu vel til og/eða höfðu ekki kynnt sér starfsemi Afleysingastofu, en voru mun opnari fyrir því að nýta sér þjónustu hennar í kjölfar heimsóknanna.

## Niðurlag

Árið 2023 voru 34 einstaklingar ráðnir til starfa hjá Afleysingastofu Reykjavíkurborgar og fóru 19 af þeim í afleysingar í leikskóla borgarinnar. Flestir þeirra voru á aldrinum 20-30 ára og 61-70 ára sem eru þeir aldurshópar sem lagt var upp með í auglýsingaherferð sumarið 2023, þ.e. nemar og fólk á þriðja æviskeiði.

Af þeim 34 einstaklingum sem ráðnir voru árið 2023 voru 21 (62%) enn í starfi 1. júní 2024 og 10 (53%) af þeim 19 sem fóru í störf á leikskólum.

Sumarið 2024 hefur meira en helmingur allra leikskóla Reykjavíkurborgar nýtt sér þjónustu Afleysingastofu og hefur það hlutfall aukist jafnt og þétt síðan hún var stofnuð 2018.

Samhliða aukningu í aðsókn til Afleysingastofu er unnið hörðum höndum að því að bæði útvíkka starfsemi Afleysingastofunnar og auka við þá þjónustu sem í boði er líkt og gert er með leikskólaheimsóknum og mönnunarpakka sem nær utan um hlutverk stjórnanda í ráðningum í störf á leikskólum.